

BRAUTARHOLT KJALARNESI - norðurhluti, DEILISKIPULAGSBREYTING




HLUTI AF DEILISKIPULAGI BRAUTARHOLT KJALARNESI - norðurhluti MKV. 1:1000, SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 21. NÓVEMBER 2001.


Skilmálar:
NÚGILDANDI DEILISKIPULAG

Heiti	Lóð m²	A+B rými	C rými	N:
Brautarholt VI-a	1974,0	325,0m²	0,0m²	0,16

Skýringarmyndir:



Brautarholt VI-a suðurhlíð



Brautarholt VI-a austurhlíð

VIÐEIGANDI ATRIÐI ÚR GREINARGERÐ MEÐ SKIPULAGI BRAUTARHOLT KJALARNESI – norðurhluti 21. Nóvember 2001.


Eignarhald

Eigendur jarðarinnar eru tveir og skiptist jörðin í eignarhluta á milli þeirra, í stórum dráttum þannig að tveir hlutar eru sameign hvors aðila um sig og þrír hlutar sameign beggja.

Skipulag þetta nær til nyrðri séreignarhluta auk færslu á vegi á sameignarhluta.

Lýsing staðhátta


Byggingar á jörðinni: Á sameignarhluta eru kirkja (1) gamalt íbúðarhús (2) (ekki í notkun), véla- og tækjageymsla (3), verksmíðjuhús (4) og bráðabirgðaíbúðarhús (5) (sumarbústaður). Á nyrðri séreignarhluta eru eitt íbúðarhús (6), hesthús (7), og tvö svínahús (8,9) með tilheyrandi mannvirkjum.



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI FYRIR LÖÐINA BRAUTARHOLT VI - A. MKV. 1:1000


TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

Heiti	Lóð m²	A+B rými	C rými	N:
Brautarholt VI-a	1974,0	355,0m²	0,0m²	0,19



Lóðauppdráttur M. 1:200

Uppdráttur er fenginn úr borgarvefsjá



YFIRLITSMYND ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2040

- BYGGINGARREITUR
- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- HÆÐIR, KJALLARI OG RIS
- BYGGINGAR REISTAR FYRIR 1918
- FORNLEIFAKÖNNUNAR- OG LAGNASKURÐUR
- FRIDAF HÚS

GREINARGERÐ

Skrúðhús við Brautarholtskirkju á Kjalarnesi á lóðinni Brautarholt VI-a á Kjalarnesi. Lóðin er á svæði 32.333. Landeignanúmer er L204063. Ekkert staðgreininúmer finnst.

Gögn fengin úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur, LUKR, 1. janúar 2016. Gildandi deiliskipulag Brautarholts var samþykkt í borgarráði 21. nóvember 2001. Núverandi íbúðarhús (ekki í notkun) var byggt um 1850 og er 260 m² að stærð. Einnig er á lóðinni 60 m² sumarhús á einni hæð og er byggingarár þess 1989. Fyrirhugað er að reisa skruðhús fyrir prest og sóknarnefnd Brautarholtskirkju í norðausturhorni lóðarinnar. Sóknarnefnd mun þá leigja 200 fermetra lóðarskika í norðausturhorni úr lóð Brautarholts VI-A og byggja þar 25 – 32 fermetra timbur-hús í stíl kirkjunnar og íbúðarhússins á fyrrgreindri lóð. Í skruðhúsinu verður:

- Aðstaða fyrir sóknarprest og fermingarbörn.
- Fundaraðstaða fyrir sóknarnefnd og kaffihorn.
- Salerni fyrir kirkjugesti (ca. 20 manns) með hjólastóla-aðgengi (algild hönnun).
- Útigeymsla fyrir kirkjugarð með sérinngangi.
- Aðkoma verður frá götu um fyrrgreinda lóð með skábraut.


Byggingin verður reist á 6 stálstöðum (150 mm). Fornleifar hafa fundist á lóðinni (langeldur) og er könnunar-skurður merktur inn á uppdráttinn. Skilyrt er að fornleifafræðingur hafi eftirlit með jarðraski samfara framkvæmdum við undirstöður nýrrar byggingar. Fornleifar hafa verið rannsakaðar og er ljóst að byggingin er ekki staðsett yfir könnunarskurði. Samkvæmt lögum um menningarmínjar nr. 80/2012 eru öll hús eldri en 100 ára friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum eða mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Miðað er við að leitað sé álits stofnunarinnar áður en ráðist er í allar byggingarleyfis-skyldar framkvæmdir og sömu gögn og send eru til byggingar-fultrúa verði send Minjastofnun til umsagnar. Gildandi skipulags-skilmálar gilda að öllu öðru leyti áfram óbreyttir. Nýtingarhlutfall verður 0,19

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í *sub. afg. l. skipulagslutt. rúna* þann *10. október 2024*. Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann *12. október 2024*.

BRAUTARHOLT VI-a, KJALARNESI norðurhluti

Deiliskipulagsbreyting

AFSTÖÐUMYND 1:1000, SKILMÁLAR, SKÝRINGARMYNDIR



PÁLL V. BJARNASON ARKITEKT
ÓLÖF PÁLSDÓTTIR ARKITEKT

KJÖRGARÐI, LAUGAVEGI 59
101 REYKJAVÍK
KV. 43 1005-0690
SÍMI: 821 9880, 663 6396
www.p-ark.is páll@p-ark.is

VERK 624-01
TEIKNAD PVB
KVABDI 1:1000, 1:200
UTG. 10. september 2024